

Fundargerð 99. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 9. september 2024 klukkan 16:15 á Teams og í FSN.

Fundurinn er blanda af stað- og fjarfundi.

Björg Ágústsdóttir (formaður) í FSN, Kristinn Jónasson á Teams, Helga Guðmundsdóttir í síma, Gerður Björk Sveinsdóttir á Teams, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari í FSN, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari í FSN, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í FSN, Sara Egilsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda á Teams og Guðrún Jóna Jósepsdóttir í FSN, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari setti fund að beiðni Bjargar Ágústsdóttur formanns sem kom seinna.

Dagskrá:

1. **Kosning formanns** (fært í lok fundar). Björg Ágústsdóttir var kosin formaður skólanefndar samhljóða.
2. **Fundir vetrarins dagsettir** á mánudögum klukkan 16:15, 18. nóvember 2024, 20. janúar 2025 og 17. mars 2025. Á heimasíðu skólans má sjá hvað er tekið fyrir á hverjum fundi.

3. Rekstrarstaða

Fjármálastjóri fór yfir helstu punkta varðandi rekstrarstöðu FSN á árinu 2024. Nýjustu tölur gera ráð fyrir alla vega 10 m. kr. halla á árinu 2024. Reksturinn er í járnum nú eins og oft áður en það eru þó mjög margar breytur sem geta haft áhrif og ómögulegt að segja til um hvernig árið endar á þessari stundu.

Það er síðasti dagur fyrir tölur vegna nemenda í vinnumati kennara í dag. Yfirvinna vegna haustannar kemur ekki til greiðslu fyrr en 1. október. Yfirvinna er ekki mikil en þó alltaf einhver.

Fjárlög til FSN voru skert á miðju ári um 2 m.kr. vegna starfsbrautar á vorönn 2024 og búist er við svipaðri skerðingu vegna haustannar 2024. Það eru bara tveir nemendur á starfsbraut en deildarstjóri í 100% stöðu. Það er líka verið að verja störf við stofnunina. Nemendum á starfsbraut mun líklega fjölga lítillega á næstu árum.

Hópar hjá kennurum er mjög margir litlir en samkvæmt vinnumati er alltaf greitt fyrir 17 nemendur í hverjum hópi.

Fjárlög vegna ársins 2025 liggja ekki fyrir.



4. Innritun, upphaf annar, námsframboð

Sólrún aðstoðarskólameistari fór yfir helstu tölur haustannar 2024. Fjöldi staðnema haustið 2024 eru 73 talsins, einn grunnskólanemi og 107 fjarnemar. Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2024 er 181. Hér má sjá skiptingu eftir brautum og kyni.

	Haust 2024		
	KK	KVK	X
Félags- og hugvísindabraut	12	17	
Framhaldsskóla- braut 1			
Framhaldsskóla- braut 2	11	10	
Íþróttabraut	4	2	
Náttúru- og raunvísindabraut	9	9	
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	11	2	1
Opin braut	33	55	
Starfsbraut	2		
Viðbótarnám	3		
Samtals	85	95	1

5. Sjálfsmat


Það hefur verið sjálfsmat í gangi við FSN síðan 2006. Sjálfsmatsnefnd skólans rýnir hverju sinni hvað gengur vel í FSN og hvar er möguleiki á bætingu. Það eru sendar út viðhorfskannanir á alla nemendur skólans bæði haust og vor. FSN er líka þátttakandi í Skólapúlsinum og tekur þátt í stofnun ársins. Við sjálfsmatið eru myndaðir rýnihópar með öllum nemendum sem útskrifast. Það var sérstök áhersla lögð á nemendur framhaldsdeildar og foreldra þeirra á síðasta skólaári. Sjálfsmatsnefnd hefur ekki fundað á þessu skólaári en fundur er fyrirhugaður á næstu dögum. Sjálfsmatshópur vann úrbótaáætlun sem skilað var til ráðuneytisins.

Skólanefnd óskaði eftir frekari mælikvörðum inn í sjálfsmatsskýrslur, eins og fjöldatölur og fleira.

1.1 Nemendur

Innritaðir nemendur voru 176 á vorönn og 189 á haustönn. Á vorönn voru 19 nemendur útskrifaðir frá skólanum.

Fjöldi	Vorönn 2023	Haustönn 2023
Dagskóli/grunnskóli	88	92
Fjarnám/ utanskóla	88	97
Samtals	176	192



6. Starfsmannamál

Erna Guðmundsdóttir lét af störfum síðast liðið vor og nú í haust kom Sólrún Guðjónsdóttir til baka úr námsleyfi. Jakob Bragi kennir eingöngu í fjarnámi einn áfanga, Hólmfríður kemur einu sinni í viku og David Hidalgo kemur einu sinni í viku.

7. Niðurstaða náms á vorönn

Heildarfjöldi eininga á vorönn 2024 voru 2895 og fjöldi nemenda 157 sem jafngildir 96,5 ársnemendum.

8. Önnur mál.

- Það er fundur númer 99 í dag, þann 9.9.2024 og næsti fundur því númer 100.
- 20 ára afmæli FSN tókst með miklum sóma og er mikil ánægja með afmælið. Afmælisnefnd og öllum þeim sem komu að undirbúningi afmælis hrósað fyrir vel unnin störf. Myndböndin frá byggingu og vígslu FSN fengu mikið lof.
- Útskrift verður 20. desember 2024 og er öllum í skólanefnd boðið.
- Skólanefnd hefur áhuga á að fá ráðherra Mennta- og barnamála í heimsókn á þessu skólaári.
- Næsti fundur nr. 100 verður staðfundur og með veitingum þann 18. nóvember 2024 klukkan 16:15.

Fundi slitið klukkan 17:25